

Svæðisráðsfundur 14 febrúar 2009.

Staðsetning: Gljúfrastofa, Ásbyrgi.

Fundur hófst: 13.00

Mættir: Ingólfur Ásgeir Jóhannesson frá umhverfisverndarsamtökum, Ingvar Þóroddsson frá Samtökum Útivistarfélaganna, Böðvar Pétursson frá Skútustaðahrepp, Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Katrín Eymundsdóttir frá Norðurþingi og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður sem ritar fundargerð. Ingvi Ragnar Kristjánsson frá Ferðamálasamtökum Norðausturlands, boðaði forföll. Gestir fundarins eru Þórður H.Ólafsson framkvæmdastjóri stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs og Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá Náttúrustofu Norðausturlands.

Dagskrá:

1. Rekstraráætlun-Þórður kynnir
2. Samstarf svæða
3. Verndaráætlun- staða
4. Önnur mál

1. Rekstraráætlun.

Þórður kynnti drög að rekstraráætlun fyrir Norðursvæði:

- **Laun:** Landvarðavikur verða u.þ.b. jafn margar 2008 og 2009, eða 144.
- **Ferða og dvalarkostnaður innanlands:** Fram kom að fyrst og fremst er um að ræða kostnað vegna fæðispeninga landvarða og ferðakostnað þeirra til og frá vinnu vegna fría.
- **Rekstrarvörur:** *Aðrar vörur* eru vörur fyrir verslun og mun því hækka með aukinni sölu.
- **Aðkeypt þjónusta:** Sjálfboðaliðastarf var rætt, en það fellur undir liðinn *aðkeypt svæðisvinna*. Gert er ráð fyrir nokkru færri sjálfboðaliðum 2009 en á fyrra ári, og því nokkrum sparnaði. Á hinn bóginn verða sjálfboðaliðar virkari, svo svipað af verkefnum ættu að klárast.
- **Húsnæði:** Umræða um skógræktina og leigu til þeirra.
- **Tekjur:** Umræða um sértekjur, tjaldstæði, hækkanir á gjaldskrá o.sfrv. Þjóðgarðsvörður telur raunhæft að auka sértekjur, eins og gert er ráð fyrir í áætluninni, að því gefnu að veður haldist sæmilegt og ekki verði hrun í ferðamannafjölda. Auka má tekjur af verslun með betri merkingum á upplýsingamiðstöðinni og auknu vöruúrvali.

Almenn umræða um rekstraráætlunina. Áætlunin var álitin í helstu atriðum líkleg og skynsamleg. Drög að rekstraráætlun samþykkt, en minnt á það að framkvæmdaáætlun liggi ekki fyrir. Ef um rötækan niðurskurð á framkvæmdalið á milli ára verður að ræða, má búast við að viðhaldsliður hækki á rekstrarlið.

2. Samstarf væða

Rætt um skörun svæða og ábyrgð og umsjón með rekstri og eftirliti. Þjóðgarðsverði falið að gera uppkast að samstarfsplaggi við austur og vestursvæði.

3. Staða Verndaráætlunar.

Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá NNA greinir frá. Næsta skref er almennur íbúafundur fyrir almenning komandi laugardag í Norðurþingi um verndaráætlun og aðalskipulag. Kortamál eru að komast í lag með samningi við Loftmyndir og aðstoð Kristínar á Náttúrstofu Austurlands. Á áætlun er sameiginlegur vinnufundur þeirra sem gera verndaráætlanir svæðanna 16. og 17. mars. Æskilegt væri að fá einhvern úr svæðisráðinu til líta við á þann fund. Þann 28. mars er svo áætlaður fundur með félagasamtökum á landsvísu. Stefnt að því að grunnur að matslýsingu verði til í lok maí. Klára þarf landeigendafundi, fundi með ferðaþjónustu, félagasamtökum og náttúruverndarsamtökum. Dagsetningar ákveðnar í tölvupósti í framhaldinu.

4. Önnur mál.

- a) Kaffi Dettifoss: Böðvar les bréf frá Kaffi Dettifoss. Samþykkt að beina öllu því sem varðar Dettifoss að austan til umsjónarnefndar með náttúrvættinu Dettifoss, Selfoss og Hafrargilsfossi. Varðandi Dettifoss að vestan (DFV) er vísað til gerðar verndaráætlunar og því samráðsferli sem þar er í gangi hvað varðar skipulag og möguleika til að hafa áhrif á það. Ekki verði teknar ákvarðanir um kaffihúsarekstur við DFV fyrr en verndaráætlun liggur fyrir. Böðvar sendir svarbréf.
- b) Þjóðgarðsvörður greindi frá áhyggjum sínum hvað varðar rekstur Ásveitu. Þjóðgarðsvörður og Sérfræðingur á staðnum búa ekki yfir þeirri fagþekkingu sem nauðsynleg er til að reka slíka veitu, sérstaklega þegar haft er í huga að leiðslur og margs konar búnaður er kominn til ára sinna. Fundarmenn sammála að leita ætti eftir því að sveitarfélagið, Norðurþing, tæki að sér veituna.